


Snjáfjallasetur

Fréttabréf frá Félagi um Snjáfjallasetur, Dalbæ Snæfjallaströnd – ágúst 2009.

Ábm.: Ólafur J. Engilbertsson, Borgarhóli, 270 Kjós. Sími: 6987533.



Geisladiskur - kr. 2000



Ritlingur um skólahald - kr. 500



Híbýli og húsbændur, kilja – kr. 2000

Skólahald og kveðskapur

Dagskrá 15. ágúst 2009 kl 18-22 í Lyngholti og Dalbæ á Snæfjallaströnd

Laugardaginn 15. ágúst kl. 18 verður opnuð sýning á vegum Snjáfjallaseturs um skólahald í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu í húsakynnum heimangönguskólans sem var á Lyngholti á Snæfjallaströnd á árunum 1936-1947. Gefinn hefur verið út ritlingur af þessu tilefni sem fylgir sýningunni úr hlaði. Skólahúsið á Lyngholti hefur nú verið gert upp og er í göngufæri við samkomuhúsið Dalbæ þar sem verður kvæðadagskrá kl 20-22 á vegum Snjáfjallaseturs. Þar verður kynnt útgáfa á geisladiskinum *Heyrði ég í hamrinum*, en þar heyrast raddir fyrrum ábúenda á Ströndinni sem kveða og segja frá ýmsum þjóðlegum fróðleik. Upptökurnar voru gerðar af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Rósa Þorsteinsdóttir heldur erindi um söfnun þjóðfræðiefnis og kveðskapar á vegum Stofnunar Árna Magnússonar og Ása Ketilsdóttir og Steindór Andersen munu kveða formannavísur, sveitavísur, barnagælur og fleira. Aðgangur er ókeypis. Boðið er upp á ferðir frá Ísafirði kl 17 og til baka kl 22 með Jónasi Helgasyni í Æðey, ef næg þátttaka fæst. Pantanasími er 8640150. Menningarráð Vestfjarða styrkir dagskrána og útgáfu á geisladiskinum.

Komin er út í kilju bókin *Híbýli og húsbændur á Snæfjallaströnd 1930-1940*, sem er endurbætt sérprentun á byggðasöguhluta bókarinnar *Undir Snjáfjöllum - þættir um búsetu og mannlíf á Snæfjallaströnd* eftir Engilbert S. Ingvarsson, með fjölda mynda sem hvergi hafa birst áður af ábúendum, býlum, atvinnuháttum o.fl. á Ströndinni. Árgjaldið er kr. 1.500. Félagar fá útgáfur Snjáfjallaseturs með 20% afslætti. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri í síma 6987533.